

Klifurþing KÍ

Kl.19:30, 5. mars 2025

Hús ÍSÍ, Engjavegi 6, Reykjavík

Þingforseti: Bjarnheiður Kristinsdóttir

Fundarritari: Birkir Fannar Snævarsson

1. Þingsetning.

Friðrik Már Baldursson formaður KÍ setti þingið. 17 voru mætt.

Tekur við sem starfandi formaður þar sem Manuela vildi stíga til hliðar.

2. Kosning þingforseta.

Lagt til að Bjarnheiður Kristinsdóttir verði þingforseti. Samþykkt.

3. Kosning þingritara.

Bjarnheiður leggur til að Birkir Fannar Snævarsson verði fundarritari. Samþykkt.

4. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.

Laufey Rún Þorsteinsdóttir, Benjamin Mokry og Örn Árnason taka að sér hlutverk

Kjörbréfanefndar. (Farið yfir reglur hverjir greiða atkvæði og listi yfir þetta hefur verið birtur)

5. Ávörp gesta.

Gestur þingsins var Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ. Hann minnti á getspá og getraunir Lotto og peninga sem skila sér í íþróttastarfið. Útbreiðslustyrkur hefur mikil áhrif hjá okkur. Íslensk getspá á í harðri samkeppni við ólöglega spilastarfsemi og í harðri baráttu að reyna skila fjármunum út í íþróttahreyfinguna. Í maí er framundan aðalfundur ÍSÍ. Við eigum þingfulltrúa þar sem munu taka þátt í kosningum um lagabreytingartillögur og kjöri nýs formanns. Lárus hefur ákveðið að stíga til hliðar og þar verður kosið um 7 stjórnarmenn til fjögurra ára. Á þinginu verða lagabreytingar afgreiddar sem vert er að kynna sér þegar þær verða. Smáþjóðaleikar í maí. Hafsteinn situr Klifurþing til að fylgjast með hvernig gangi og verður til skrafs og ráðagerða.

6. Álit kjörbréfanefndar.

Kjörbréf voru tekin gild. Á staðnum voru fulltrúar frá Klifurfélagi Reykjavíkur með 36 atkvæði sem skiptist: Benjamin Mokry 8, Hilmar Ingimundarson 7, Sara Sturludóttir 7, Jóhann Haraldsson 7 og Valdimar Björnsson 7. Björkinni var með 10 atkvæði sem skiptust: Páll Valdimar Kolka Jónsson 5, Örn Árnason 3, Sverrir Aðalsteinn Jónsson 2. Ekki voru fulltrúar frá ÍA/Klifurdeild ÍA, ÍBA/Kraftlyftingafélagi Akureyrar, HSV/Klifurfélag Vestfjarða eða USÚ/Klifurfélag Örefa á staðnum.

7. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Skýrsla stjórnar (sjá fylgiskjal) kynnt. Manuela skrifaði grunn að skýrslu en aðrir stjórnarmeðlimir luku gerð hennar. Starfandi formaður Friðrik Már sagði frá aðstöðumáli varðand að koma klifurvegg inn í Þjóðarhöllina. Vinnum áfram fast að því. Laufey kynnti skýrsluna að öðru leyti og gaf yfirlit yfir þátttöku í mótum, námskeið fyrir þjálfara, landslið (úrvalshópa), mótsafrek og útiklifurafrek. Iðkendur eru nú skráðir rúmlega 2000 manns þar af flestir hjá KFR, svo Björk og

fjögur smærri félög. Svana Bjarnason var valinn kvenklifrari ársins og Guðmundur Freyr karlklifrari ársins í mikilli hátíð í Hörpunni. Laufey kynnti jafnframt starf landsliðsins á árinu: 2024 var fyrsta ár sem við gátum keppt hjá IFSC. Svana komst áfram í úrtökumótaröðinni en komst ekki á ólympíuleikana en hún heldur áfram að keppa á komandi önn. Mikil áhersla á keppni á Evrópumótum. Agnes Folkmann, Paulo, Greipur og Jenný komust í topp 25 á Evrópumótum. Á NM komst Lukka í úrslit í Helsinki í fullorðinsflokki og Jenný á pall í U16. Gauti komst á pall í paraklifri og Guðmundur Freyr topp 5 á Norðurlandamóti í línu. Umsvif vegna æfingaferða og móta erlendis eru að aukast. Mælt með að iðkendur skrái klifurafrek sín utandyra á 8a.nu síðuna.

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

Tillaga frá Hilmar varðandi að KÍ veiti peningaverðlaun við gráðuafrek í útiklifri. Bent á að fyrst þurfi að afla meira fjármagns með m.a. fleiri styrktaraðilum en þeir eru nú Fjallakofinn og Red Point.

KÍ kemur inn í að ýta við umræðu að þörf sé á bættri aðstöðu til klifurs almennt innan t.d. Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Reykjavíkur og hægt er að óska eftir stuðningi KÍ hvar sem er á landinu.

8. Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.

Laufey framkvæmdastjóri kynnti ársreikninginn (fylgiskjal). Hún tók við af Þuríði um mitt ár. Rekstrarreikningur, tekjur upp á rúmar 43 milljónir í samanburði við 25 milljónir árið á undan. Aukin umsvif í keppnum erlendis. Sambandið er stofnað 2021. Þetta er fjórða þingið og það hefur verið mikil vöxtur síðustu ár og við búumst við meiri vexti næstu ár. Tap er u.þ.b. 389.864 á þessu ári sem er minna en í fyrra. Við eigum smá sjóð fyrir þessu en vonum að þetta komi betur út í framtíðinni. Haldbært fé eru 6.7m. Mestu tekjur eru í tengslum við keppnis- og æfingaferðir sem er jafnframt stærstu útgjaldaliðir. Þátttakendur greiða sambandi fyrir þessar ferðir. Verið er að senda fólk á fleiri keppni erlendis en áður. Lottótekjur eru 7.751.256kr en kom inn leiðrétting í byrjun árs. Þær byggjast m.a. á iðkenda fjölda, heildarveltu síðustu tvö ár, fjöldi starfsmanna á skrifstofu o.fl. Kostnaður vegna mannvirkja/húsaleigu fellur niður og fer inn í Starfsmannakostnað afreksstarfs, sambandið sér um leiðasmíði einn dag í viku í æfingaráyminu í Ármúla 21. Starfsmannakostnaður afreksstarfs er styrkt af KFR og myndi annars ekki ganga. Viðskiptakröfur eru háar vegna rukkanna sem var búið að senda út og einhverra ferða þar sem eindagi er eftir áramót. Fullorðinskeppendur hafa verið að bóka ferðir sjálfir og greiða fyrir en við viljum að því verði breytt svo það komi inn í bókhaldið hjá okkur. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

Spurning varðandi hvort vænta megi þess að afreksstyrkir verði jafnháir og áður. Svar: Fáum líklega hækkun í afreksstyrki út af hækkun sem gerð var eftir breytingar í tíð Ásmundar Einars Daðasonar.

9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.

Laufey kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 (fylgiskjal). Hækkaður afrekstyrkur frá ÍSÍ. Auka fjármagn sem við gátum notað sjálf en eyrnamerkt og þurfum að tala við ÍSÍ um hvernig við viljum haga honum. Lottó greiðslur eru áætlaðar eins og þær voru árið 2024. Iðkendagjöld hafa

verið hækkuð og félögum fjölgar: 2900-3100 frá félögum. Þáttökugjöld fyrir mót erlendis eru mikið gisk en einnig er verið að hafa samband við íþróttasamband fatlaðra til að fá styrki á para-mót erlendis. Erum að leita fleiri samstarfsaðila til að fá inn meira fjármagn frá því.

Áætlaðar tekjur eru 58.000.000 kr.

Munum senda út þátttakendur til Seoul í Kóreu á HM í klifri ásamt fleiri keppnisferðum og áætlað eru 19.000.000 kr. Æfingabúðir erlendis u.þ.b. 2.600.000 kr. Fleiri vildu taka línuklifurpróf og voru þöntuð fleiri línuklifurkort. Þjálfaranámskeið. Erum að koma þjálfara á námskeið erlendis. KÍ heldur engin mót en veitir styrki til félaga sem halda mót og veita styrki til mótahalds. Keyptur var búnaður til að streyma frá mótum sem nota má til upptöku svo hægt sé að vísa til þeirra ef upp koma álitamál á móti. Erlent samstarf. Greiða þarf fyrir samstarf á Evrópumótum og Norðurlöndunum. Upphæð sem við greiðum er núna helmingi minni en frá hinum þjóðunum en við missum á móti einhver pláss fyrir okkar keppendur. Ófyrirséður kostnaður áætlaður um 200.000.

Fjárhagsáætlun samþykkt á þingi.

10. Gjaldskrá KÍ borin fram til samþykktar.

Lagt til að iðkendagjöld verði hækkuð úr 2500 kr. í 2700 kr. per félag innan félaga KÍ. Þetta er gert í samræmi við verðbólgu og vísitöluhækkanir.

Fundurinn samþykkti samhljóða.

11. Tillögur um breytingar á lögum og reglum KÍ teknar til umræðu og afgreiðslu.

Engar lagabreytingatillögur bárust.

12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu.

Tillaga um samstarfsvettvang tengdan útiklifursvæðum var kynnt.

Hugmyndin væri að búa til samstarfsvettvang allra aðila sem sinna útiklifursvæðum, svo sem Ísalp, klifurfélaga og mögulega björgunarsveitar sem vill taka þátt í að sjá um ákveðin klifursvæði. Hægt væri að deila umsjón ákveðinna svæða á mismunandi félaga innan ÍSÍ og Ísalp. Ef illa fer tekur félag sig á eða skipt er um umsjónaraðila. KÍ kæmi þá að þessu með því að boða til samráðsfunda 1-2 sinnum á ári. KÍ væri þá með yfirlit hver sér um hver svæði. Fundarfólk benti á að skýrar þurfi að koma fram í tillögunni að ekki sé um að ræða ákvarðanir að ofan um að KÍ taki yfir eitt eða neitt heldur að KÍ ætli sér einungis að skapa vettvang fyrir fólk til að ræða saman og deila reynslu sinni, t.d. af æskilegum samskiptum við landeigendur, reglum um umgengni og þess háttar.

13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem komið hafa fram á þinginu og þingmeirihluti leyfir.

Engar tillögur eða önnur mál þörfnuðust umræðu.

14. Kosningar í stjórn og nefndir og á þing ÍSÍ

Framboð í stöðu formanns: Benedikt Ófeigsson

Framboð í stjórn:

Þrír detta úr stjórn þetta árið og Friðrik Már Baldursson býður sig aftur fram til eins árs. Einnig bjóða sig fram Guðmundur Freyr og Harpa Þórðardóttir og stjórn því aftur fullskipuð.

Samþykkt á þingi.

Í stjórn Klífursambands Íslands sitja þá
Benedikt Ófeigsson, formaður 2025-2027
Friðrik Már Baldursson 2025-2026
Birkir Fannar Snævarrsson 2024-2026
Guðmundur Freyr Arnarsson 2025-2027
Harpa Þórðardóttir 2025-2027
Ásrún Mjöll Stefánsdóttir (varamaður)
Björn Baldursson (varamaður)
Þorgerður Þórólfsdóttir (varamaður)

Skoðunarmenn reikninga:

Hilmar Ingimundarson situr áfram sem skoðunarmaður reikninga.

Guðmundur Freyr dettur út

Bjarnheiður Kristinsdóttir býður sig fram.

Samþykkt á þingi.

Afreksnefnd helst með sama sniði og áður (sjá ársskýrslu) nema hvað Lilja Björk Baldvinsdóttir dettur út. Nefndinni treyst til að fá fleiri með sér ef þau telja þörf á því.

Samþykkt á þingi.

Í fjáröflunarnefnd (áður fjármálanefnd) hefur Stefán Karl Sævarsson óskað eftir að hætta. Önnur sitja áfram og Hildur Jónsdóttir formaður.

Samþykkt á þingi.

Ekki eru breytingar á öðrum nefndum svo vitað sé (sjá ársskýrslu) og þær haldast því líkt og áður. Bent á að jafna mætti kynjahlutföll í einhverjum nefndum.

Nefndir eru þá svo skipaðar:

Fjáröflunarnefnd: Hildur Jónsdóttir (formaður), Friðrik Már Baldursson, Svanur Baldursson.

Afreksnefnd: Benedikt Ófeigsson (formaður), Elísabet Birgisdóttir, Elmar Orri Gunnarsson, Guðmundur Freyr Arnarson.

Mótanefnd: Benjamin Mokry (formaður), Ólafur Hrafn Nielsen, Örn Árnason.

Fræðslu- og dómaranefnd: Jóhann Haraldsson formaður, Andri Már Ómarsson, Vikar Hlynur Þórisson, Þóra Bergsveinsdóttir.

Aðrar nefndir

Útbreiðslunefnd. Árni Stefán Haldorsen, Vikar Hlynur Þórisson, Björgvin Hilmarsson, Sighvatur Sveinsson.

Heiðurs- og viðurkenninganefnd: Bjarnheiður Kristinsdóttir (formaður), Valdimar Björnsson og Manuela Magnúsdóttir.

Samþykkt á þingi.

Stjórn er falið umboð til að bæta við nefndarmeðlimum ef þess þarf á starfsárinu. Samþykkt á þingi.

Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ. Laufey Rún og Benedikt Ófeigsson verða okkar fulltrúar og stjórn ákveður tvo varamenn á Íþróttaping.

Samþykkt á þingi.

15. Þingslit

Friðrik Már, fráfari formaður KÍ ávarpar þingið og þakkar öllum vel unnin störf. Sérstaklega þakkað fyrir framlag Manuelu Magnúsdóttur sem var formaður KÍ frá upphafi og fram á mitt ár 2024 og hefur lyft grettistaki við að koma Klifursambandinu á laggirnar. Henni klappað lof í lófa af fundarfólki.

Fundi slitið 21:20